

## AUGLÝSING

### um gjaldskyldu á bílastæðum í Reykjavík.

Bílastæðanefnd Reykjavíkurborgar ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 28. nóvember 2014 og auglýsir þá ákvörðun hér með tilvísun í 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 13.-15. gr. samþykktar fyrir bílastæðanefnd frá 10. júlí 2014:

Almenn bílastæði við götukanta á Lindargötu milli Klapparstígs og Vitastígs, á Veghúsastíg, Frakkastíg milli Hverfisgötu og Lindargötu og Vatnsstíg milli Hverfisgötu og Lindargötu verði gjaldskyld og verði skilgreind sem gjaldsvæði 2.

Almenn bílastæði við götukanta á Klapparstíg, milli Lindargötu og Skúlagötu, Vatnsstíg milli Lindargötu og Skúlagötu og Frakkastíg milli Lindargötu og Skúlagötu og á Skúlagötu frá númer 6-20, verði gjaldskyld og verði skilgreind sem gjaldsvæði 3.

Almenn bílastæði við Laugaveg á milli Rauðarárstígs og Ásholts, Brautarholt vestan Nóatúns, Skipholt vestan Nóatúns, Stórholt frá Þverholti að Skipholti, Ásholt, Mjólnisholt, Stúfholt og Traðarholt verði gjaldskyld og verði skilgreind sem gjaldsvæði 2.

Ákvarðanirnar taka þegar gildi.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 17. ágúst 2015.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2015